

Olíudreifing ehf
Gestur Guðjónsson
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík



Akureyri, 18. desember 2013
Tilvísun: UST20130200198/gsá


Staðfesting á úrbótum móttakin - máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf með eftirlitsskýrslu, dagsett 14. desember 2012, þar sem fjallað er um frávik frá starfsleyfi sem kom fram við reglubundið eftirlit með olíubirgðastöð Olíudreifingar í Þorlákshöfn þann 29. nóvember sl. Frávikið varðar að olíuskilja tapar olíu út í frárennsli. Olía hafði minnkað í olíuskiljunni á milli mælinga án þess að úr henni hafi verið dælt eða hún þjónustuð á annan hátt.

Þann 19. desember 2012 barst Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur frá rekstraraðila sem stofnunin samþykkti og veitti rekstraraðila frest til 1. júlí 2014 til að ljúka varanlegri viðgerð á brunninum. Í reglubundu eftirliti í olíubirgðastöð Olíudreifingar á Þorlákshöfn þann 11. desember sl. var staðfest að búið væri að gera bráðabirgðaviðgerð á brunninum. Fullnaðarviðgerð á að fara fram nú í vor og ber rekstraraðila að starfa samkvæmt áður samþykktri úrbótaáætlun hvað það varðar.

Hér með staðfestist að olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Þorlákshöfn, hefur bætt úr því fráviki sem kom fram við reglubundið eftirlit ársins 2012.

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur